

Nd.

723. Frumvarp til laga

[392. mál]

um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á undan 45. gr. í VI. kafla laganna komi ný grein svohljóðandi:

Seljendum hvers kyns vöru eða þjónustu er óheimilt að hækka vöruverð eða gjaldtöku fyrir þjónustu nema það sé sérstaklega tilkynnt. Heimilt er að auglýsa samtímis verðbreytingar til hækkunar og lækkunar.

Sé vöruverð hækkað er seljanda vöru skylt að auglýsa hækkunina á áberandi hátt á sölustað, nýtt verð ásamt hinu eldra, svo og hvenær hækkunin tekur gildi. Slíkar tilkynningar um verðbreytingar vöruflokka og vörutegunda skulu vera uppi eigi skemur en 14 daga frá gildistöku verðbreytinga.

Hvers kyns hækkanir þjónustuaðila á gjaldskrá skulu tilkynntar með eðlilegum fyrirvara þannig að notendur þjónustunnar megi auðveldlega gera sér grein fyrir verðbreytingunum, hvenær og hve miklar þær verða.

Verðlagsstofnun skal setja sérstakar reglur um skyldur seljenda samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Forsenda þess, að verðmyndun sé eðlileg þar sem „frelsi“ ríkir um álagningu og vöruverð, er nægjanlegt verðskyn almennings og greiður aðgangur kaupenda vöru og þjónustu að upplýsingum um verðlag. Frumvarp þetta er flutt til að tryggja betur en nú er aðgang almennings að upplýsingum og þar með það aðhald að seljendum sem eðlilegt og nauðsynlegt er.

Eðlilegt hlýtur að teljast að hvar sem fram fer sala á vöru eigi viðskiptavinir greiðan aðgang að upplýsingum um verðbreytingar síðustu daga og vikna hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Sú venja er alltför að verslanir auglýsi dyggilega á áberandi hátt ef veittur er afsláttur frá áður ákveðnu vöruverði eða ef um útsölur er að ræða. Minna hefur farið fyrir hinu að almenningi sé á jafnskýran hátt gerð grein fyrir því ef vara eða þjónusta hækkar í verði. Með samþykkt þessa frumvarps og meðfylgjandi ráðstöfunum ætti að verða bót á þessu.

Þá telur flm. rétt að Verðlagsstofnun athugi hvort ekki sé einnig ástæða til að setja ákveðnari reglur um verðmerkingar, t.d. að svonefnt samanburðarverð, þ.e. verð staðlaðra eininga, svo sem kg eða lítra, skuli vera á öllum verðmiðum til viðbótar einingaverði. Slíkar ráðstafanir ætti Verðlagsstofnun að geta gert innan ramma gildandi verðlagslaga og þarf því ekki lagabreytingar til. Ekki síst nú í kjölfar nýgerðra kjarasamninga er nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til að halda aftur af verðhækkunum.

Flm. telur þær ráðstafanir, sem hér eru lagðar til, stuðla tvímælalaust að slíku aðhaldi jafnframt því sem þær flokkast undir almenna upplýsingaskyldu við neytendur.